



# **BLAÐIÐ**

 **Íominn heim**

 **Yrirlíðaspjall**

 **Leikmenn 2005**

 **Íljum gullið**

 **Verðum alltaf í  
toppbaráttunni**

 **Indfýlan ferleg**

 **KR verður í  
toppbaráttunni**

 **KR er stórveldið!**

# **ÁFRAM KR!**

## ***Sumar 2005***

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

# ÞAÐ VERÐUR EKKERT VÆL Í SUMAR

LANDS  
BANKA  
DEILDIN



**SYN**  
- besta sætið

© 2011 SYN



# Stuðningsmenn með númer

12

Þriðjudaginn 17. maí leika KR-ingar í fyrsta sinn í nýjum búningum. Búningarnir eru frá PROSTAR og verða í anda gömlu búninganna.

Flestir leikmenn liðsins verða með sömu númer og síðasta sumar en einn þeirra verður þó að fórna sínu númeri. Það verður þó líklega með glöðu geði sem Gunnar Einarsson lætur af hendi númer 12 því þeir sem munu bera það númer eru einmitt oft kallaðir tölfti maðurinn á vellinum. Áhorfendur verða hér eftir vonandi sem flestir vel merktir KR og með tólfuna á bakinu.

Hugmyndin að þessu er sprottin frá formanni KR-klúbbsins, Hafsteini Egilssyni sem kom henni áleiðis til Valdimars Magnússonar, umboðsaðila PROSTAR, og var hún það góð að menn ákváðu að gera alvöru úr henni.

Eins og áður sagði mun Gunnar Einarsson fórna númerinu, áhorfendur verða leikmaður númer tólf í sumar. Við óskum KR-ingum til hamingju með þetta frábæra og sniðuga framtak og vonumst til þess að sjá þá sem flesta rétt merkt.

Búningurinn verður til fyrir alla KR-klúbbs meðlimi, merkt gaumgæfilega númer 12 og verður á aðeins 3.990 krónur í Jóa Útherja í stað 5.990 sem venjuleg treyja kostar.

## SMS leikur með OgVodafone

Og Vodafone og félög í efstu deild Íslandsmóts karla í knattspyrnu ætla að standa fyrir vali á Manni leiksins í öllum leikjum í Landsbankadeildinni í sumar. Áhorfendur á leikjunum eiga þess kost að velja Mann leiksins með SMS kosningu á meðan á leik stendur. Þátttaka gerir áhorfendum mögulegt að vinna til veglegra verðlauna og styðja við bakið á sínu félagi en ágóði vegna SMS skeyta rennur til liðanna. Þá ætlar Og Vodafone að styrkja félög í efstu deild karla með beinum fjárframlögum.

Allir GSM notendur á leikjum í efstu deild karla geta tekið þátt í vali á Manni leiksins. Kosið er með því að senda SMS skeytið ML LIÐ NÚMER LEIKMANNIS í símanúmerið 1900. Dæmi: Grétar Hjartarson (nr. 11) í KR er ML KR 11. Í lok hvers leiks fá þátttakendur í kosningunni að vita hver fékk flest atkvæði og var valinn maður leiksins. Þá verður dreginn út vinningshafi af handahófi á meðal þeirra sem kusu Mann leiksins. Vinningshafinn fær SMS skeyti sent um að hann hafi hlotið verðlaun frá Og Vodafone. Hvert skeyti kostar 99 krónur. Félög í efstu deild fá allan ágóða af hverju skeyti. Tekjum er skipt milli félaga eftir magni atkvæða sem þeirra leikmenn fá. Því er það hagur félaga að hvetja stuðningsmenn sína til þess að taka þátt í Manni leiksins.

| Leikdagur | Leikur           | Völlur         | Úrslit           | Úrslit 2004 | Úrslit 2003 | Úrslit 2002 | Úrslit 2001 |
|-----------|------------------|----------------|------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| þri.      | 17. maí - 20:00  | Fylkir - KR    | Fylkissvöllur    | -           | 3-1         | 2-1         | 1-1         |
| sun.      | 22. maí - 19:15  | KR - Fram      | Frostaskjól      | -           | 3-0         | 3-1         | 1-0         |
| fim.      | 26. maí - 19:15  | Keflavík - KR  | Keflavíkuvöllur  | -           | 3-1         |             | 0-1         |
| sun.      | 29. maí - 19:15  | KR - FH        | KR-völlur        | -           |             | 2-1         | 2-2         |
| sun.      | 12. júní - 17:00 | ÍBV - KR       | Hásteinsvöllur   | -           | 2-2         | 0-0         | 3-0         |
| fim.      | 16. júní - 19:15 | Grindavík - KR | Grindavíkuvöllur | -           | 0-0         | 1-3         | 0-1         |
| fim.      | 23. júní - 19:15 | KR - Þróttur   | Frostaskjól      | -           |             | 2-1         |             |
| mán.      | 27. júní - 19:15 | Valur - KR     | Hlíðarendi       | -           |             | 1-1         | 4-2         |
| fim.      | 07. júlí - 19:15 | KR - ÍA        | Frostaskjól      | -           | 1-0         | 1-0         | 3-1         |
| mán.      | 11. júlí - 19:15 | KR - Fylkir    | Frostaskjól      | -           | 1-1         | 4-0         | 1-1         |
| mán.      | 18. júlí - 19:15 | Fram - KR      | Laugardalsvöllur | -           | 1-0         | 1-1         | 2-4         |
| sun.      | 24. júlí - 19:15 | KR - Keflavík  | Frostaskjól      | -           | 1-1         |             | 2-2         |
| sun.      | 07. ág. - 18:00  | FH - KR        | Kaplakriavöllur  | -           | 1-1         | 7-0         | 1-0         |
| sun.      | 14. ág. - 18:00  | KR - ÍBV       | Frostaskjól      | -           | 0-0         | 0-2         | 1-1         |
| sun.      | 21. ág. - 18:00  | KR - Grindavík | Frostaskjól      | -           | 2-3         | 1-2         | 2-2         |
| sun.      | 28. ág. - 19:15  | Þróttur - KR   | Laugardalsvöllur | -           |             | 1-2         |             |
| sun.      | 11. sep. - 14:00 | KR - Valur     | Frostaskjól      | -           |             | 2-1         | 0-0         |
| lau.      | 17. sep. - 14:00 | ÍA - KR        | Akranesvöllur    | -           | 0-0         | 2-3         | 1-2         |

## Efnisyfirlit:

**Bls. 2** *Leikjaplan 2005*

**Bls. 4** *Kominn heim*

**Bls. 6** *Fyrirliðaspjall*

**Bls. 8-10** *Leikmenn 2005*

**Bls. 12** *Viljum gullið*

**Bls. 13** *Verðum alltaf í toppbaráttunni*

**Bls. 15** *Andfýlan ferleg*

**Bls. 18** *KR verða í toppbaráttunni*

**Bls. 24** *KR er stórveldið!*

**Bls. 30** *Eigum góða dómara*

**Miðja** *Plakat*



MEDIA GROUP ehf

Umsjón og ábyrgð:

Útgefandi: Media Group ehf

Ritstjóri: Hilmar Þór Guðmundsson

Blaðamenn: Guðmundur Marínó  
Ingvarsson

Hilmar Þórlindsson

Róbert Jóhannsson

Ljósmyndun: Hilmar Þór Guðmundsson

Erling Ó. Aðalsteinsson

Umbrot: Media Group ehf

Prentun: Prentmet

[www.mediagroup.is](http://www.mediagroup.is)



SAMSKIP



# Kominn heim

*Fyrir þremur árum var ÍBV nálægt því að falla. Þá var fenginn til liðsins þjálfarinn Magnús Gylfason, uppalinn KR-ingur en hafði komið víða við áður en hann hóf störf sín í Vestmannaeyjum. Þar rétti hann strax úr kúti þeirra Eyjamanna, þeir urðu í 5. sæti fyrsta árið undir hans stjórn, árið 2003, og í fyrra gerði hann enn betur og kom mörgum á óvart þegar hann stýrði þeim í annað sætið. Eftir þennan árangur kom kallið frá uppeldisfélaginu, kall sem hann gat ekki annað en svarað. Nú þegar hefur hann sýnt fram á árangur í Vesturbænum, deildarbikarinn kominn í hendurnar á honum og aldrei að vita nema þeir verði fleiri á þessari leiktíð og þeim næstu.*

## Aftur á heimaslóðir

Það er ekki hægt að byrja á öðru en að óska þér til hamingju með fyrsta titilinn, er þessi sá fyrsti af mörgum hjá KR undir þinni stjórn? „Takk kærlega fyrir það, ég ætla svo sannarlega að vona að KR vinni fleiri titla undir minn stjórn“ Hann viðurkennir að það hafi verið erfið ákvörðun að yfirgefa ÍBV. „Það var erfið að yfirgefa þá því þar leið mér mjög vel og var mjög gott að vinna með þeim síðustu tvö ár.“ Það sem gerði ákvörðun hans auðveldari voru tilfinningar hans til Vesturbæjarstórveldisins, þaðan sem rætur hans eru sprotnar. „Þegar KR hafði samband þá var nokkuð ljóst strax að ég myndi taka þeirra tilboði því ég bý hérna á höfuðborgarsvæðinu og starfa í Hafnarfirði. Þetta var ekki spurning eftir að þeir höfðu samband og við vorum búnir að hittast.“ Við spurðum hann hvort það væri ekki mikilvægt fyrir hann sem gamlann KR-ing að vera orðinn þjálfari meistaraflokks. Hann svaraði því til að fyrst og fremst væri mjög gaman að vera orðinn aðalþjálfari liðsins, „Og jú vissulega er líka mikilvægt fyrir



mig að vera kominn í bestu þjálfarastöðu landsins og þá eftirsóttustu.“

## Polinmæðin prautir vinnur...

Það er iðulega mikil pressa á þjálfurum KR. Væntingarnar eru miklar, bæði hjá stjórnarmönnum og stuðningsmönnum, en stuðningsmenn eru yfirleitt fljótir að láta í sér heyra ef þeir eigi að gera. Eins vænta fjölmiðlar þess nánast alltaf að KR-ingar verði meðal efstu liða á hverju ári. En finnur Magnús fyrir þessari pressu? „Ekki svo mikið enn en ég veit af kröfunum í Vesturbænum. Ég vonast samt til þess að menn geri sér grein fyrir því að það tekur smá tíma og polinmæði að búa til nýtt lið.“

## Krefjandi verkefni

Margir leikmenn, þar á meðal lykilleikmenn, hafa horfið á braut frá KR eftir síðustu leiktíð. Að sama skapi hafa margir nýir leikmenn komið inn í lið þeirra og ekki útséð með hvort það eigi eftir að bæta við leikmönnum þegar þetta viðtal var tekið. Telur Magnús það vera hægt að gera atlögu að titlinum með svona mikið breyttum hóp? „Það er alveg rétt að hópurinn er mjög breyttur. Ég held að það séu þrettán nöfn sem eru ekki á leikmannalistanum núna sem voru þar á síðasta tímabili en fimm ný nöfn hafa komið í staðinn. Við munum samt gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að gera atlögu að titlinum

en hvort það er raunhæft á fyrsta tímabili verður bara að koma í ljós en við erum með góða leikmenn.“ Hann bætti því svo við að honum litist mjög vel á alla leikina í sumar og hann hlakkar til að takast á við þetta verkefni.

## Skiptir máli að vera heppinn með útlendinga

Þá er komið að stóru spurningunni. Hvaða lið verða þarna uppi í toppbaráttunni með KR. Samkvæmt spám eru FH-ingar taldir líklegastir til afreka í sumar, enda núverandi meistarar, en KR, Valur og ÍA eru talin eiga góða möguleika á að spilla gleði Hafnfirðinganna þetta árið. Magnús er mestmegnis sammála þessum þælingum en vill þó ekki útiloka neitt lið. „Ég held að það sé nokkuð ljóst að FH muni koma til með að berjast um titilinn í ár og síðan eru öll hin liðin líkleg til að blanda sér í þá baráttu því þau eru öll að bæta við leikmönnum núna á síðustu dögum fyrir mót. Því er alveg ómögulegt að sjá fyrir hverjir verða á botni eða í toppbaráttu í ár. Þeir sem verða heppnastir með útlendinga verða ekki í vandræðum í sumar.“

Að lokum spurðum við Magnús að því hverja hann teldi að yrðu Evrópumeistarar í ár. Verst þótti honum að KR-ingar væru ekki meðal þátttakenda í Evrópukeppni í ár, en í Meistaradeildinni hallast hann að sigri Liverpool.



Öflugur bakhjarl!

## Íbúfen – Bólqueyðandi og verkjastillandi

**Notkunarsvið:** Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólqueyðandi og verkjastillandi lyf. Lyfið er notað við lödagigt, slépiggt, tíðaverkjum, tannspinu og höfuðverki. Einnig má nota það sem verkjalyf eftir minni háttar aðgerðir t.d. tanndrátt. **Varðarreglur:** Fólk sem hefur ónæmi fyrir íbúprófeni eða er með skerta lífvarnarsfæmi má ekki nota lyfið. Fólk sem hefur fengið astma, nefslímubólgu eða ofaklæða eftir töku acetylsalicylsýrju eða annars bólqueyðandi lyfja (annarra en þaksteral) ætti ekki að nota lyfið. Nota skal lyfið með varúð hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða sögu um slík sár. Lyfið er ekki ætlað varfarum konum. **Aukaverkanir:** Íbúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. ónæmi (útbrot) og meltingarþægindum. **Skóðventum:** Nákvæmar leiðbeiningar um skóðmætun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 01.09.01.

 **actavis**  
hagur í heilsu

# FYRIRLIÐASPJALLIÐ

**Kristján Finnbogason er fyrirliði KR. Hann hefur lifað tímana tvenna með félaginu en félagið hefur upplifað að hampa titlum sem og að vera nærri fallið. Við skutum nokkrum spurningum á Stjána um fyrirliðastöðuna, mótið í sumar og Meistaradeild Evrópu.**

*Hvernig er hugurinn fyrir sumarið, er allt að smella saman?*  
 "Við erum farnir að hlakka virkilega til að byrja mótið. Það hafa reyndar verið smá forföll hjá okkur núna síðustu vikur en flest allir eru að skriða saman og verða í standi fyrir mót."

*Finnurðu mikinn meðbyr frá stuðningsmönnum félagsins?*  
 "Já heldur betur, enda eru stuðningsmenn okkar langbestir og langflottastir."

*Nú hefur verið nokkur breyting á mannskapnum. Telurðu*

*að liðið sé sterkara en í fyrra?*

"Leikmannahópurinn hefur breyst gríðalega frá því í fyrra, held það séu 12 leikmenn farnir af listanum okkar síðan þá, en á móti kemur að það eru komnir fimm nýjir auk nokkurra ungra og efnilegra sem eru að stíga sín fyrstu skref með meistaraflokki. Mér finnst að við séum sterkari og í betra standi núna."

*Telurðu að liðið hafi veikt mikið eftir að Kristján Örn Sigurðsson fór?*

"Krissi er eins og allir KR-ingar vita frábær leikmaður og auðvitað verður hans sárt saknað. Það hafa fleiri góðir leikmenn farið í atvinnumenskuna frá KR en við höfum nú hingað til lifað það af og ég er ekki nokkrum vafa um að svo verði áfram. Hlakka bara til að fá hann aftur í KR!!"

*Nú hafa önnur lið í Landsbankadeildinni styrkt sig verulega – verður þetta erfitt mót fyrir KR í sumar?*

"Þetta verður örugglega hörkumót þar sem nokkur lið koma til með um að berjast um titilinn og að sjálfsögðu ætlum við að vera með í þeirri baráttu."

*Hvernig heldurðu að deildin verði í sumar, hverjir verða ofarlega og hverjir verða í vandræðum?*

"Svona fljótt á liði þá sér maður FH og Val vera ofarlega, svo finnst mér ómögulegt að segja til um hin liðin, fer mikið eftir því hvernig útlendingarnir koma út hjá þeim."

*Hvernig list þér á að fá Magnús Gylfason sem þjálfara?*

"Ég er mjög ánægður með Magga. Sterkur karakter með grjóthart bein í nefinu. Enda held ég að það dugi ekkert minna þegar þú ert að þjálfra KR."

*Nú er einn titill í húsi í ár –er stefnan tekin á fleiri?*

"En ekki hvað!! Við viljum alltaf þennan stóra. Afhverju? Við erum KR."

*Að lokum – hverjir verða Evrópumeistarar og af hverju?*

"Liverpool. Vegna þess að ég er Poolari"



# Okkur er annað um þinn hlut

Samskip eru öflugt alþjóðlegt fyrirtæki í flutningaþjónustu með starfsemi og skrifstofur í Evrópu, Ameríku og Asíu, auk umboða og samstarfs við fjölda flutningafyrirtækja um heim allan. Reynsla, þekking og samhæft upplýsingakerfi auðveldar okkur að veita viðskiptavinum persónulegri, skilvirkari og öruggari þjónustu.

Hvort sem flytja þarf mikið magn eða einn hlut, er okkur annað um að hver viðskiptavinur njóti þess besta sem völ er á.

**SAMSKIP**  
– yfir lönd, yfir höf





Nafn: Arnar Gunnlaugsson  
Númer: 26  
Staða: Framherji



Nafn: Arnljótur Ástvaldsson  
Númer: 20  
Staða: Miðjumaður



Nafn: Atli Jónasson  
Númer: 16  
Staða: Markmaður



Nafn: Ágúst Gylfason  
Númer: 7  
Staða: Miðjumaður




Nafn: Bjarki Gunnlaugsson  
Númer: 25  
Staða: Miðjumaður



Nafn: Bjarni Þorsteinsson  
Númer: 2  
Staða: Bakvörður



Nafn: Bjarnólfur Lárusson  
Númer: 6  
Staða: Miðjumaður



Nafn: Brynjar Orri Bjarnason  
Númer: 19  
Staða: Framherji



Nafn: Garðar Jóhannesson  
Númer: 8  
Staða: Framherji



Nafn: Grétar Hjartarson  
Númer: 11  
Staða: Framherji



Nafn: Gunnar Einarsson  
Númer: 13  
Staða: Varnarmaður



Nafn: Gunnar Kristjánsson  
Númer: 27  
Staða: Varnarmaður



Nafn: Halldór Ágústsson  
Númer:  
Staða: Miðjumaður



Nafn: Jökull Elísarbetarson  
Númer: 23  
Staða: Varnarmaður



Nafn: Kristinn J. Magnússon  
Númer: 4  
Staða: Miðjumaður



Nafn: Kristján Finnbogason  
Númer: 1  
Staða: Markmaður / Fyrirliði



Nafn: Sigmundur Kristjánsson  
Númer: 22  
Staða: Miðjumaður



Nafn: Rógvi Jacobsen  
Númer: 14  
Staða: Miðjumaður



Nafn: Sigurvin Ólafsson  
Númer: 10  
Staða: Miðjumaður



Nafn: Skúli Jón Friðgeirsson  
Númer: 15  
Staða: Miðjumaður



Nafn: Sölvi Davíðsson  
Númer: 9  
Staða: Miðjumaður



Nafn: Sölvi Sturluson  
Númer: 24  
Staða: Framherji



Nafn: Tómas Agnarsson  
Númer: 17  
Staða: Varnarmaður



Nafn: Tryggvi Bjarnason  
Númer: 3  
Staða: Varnarmaður



Nafn: Vigfús A. Jósepson  
Númer: 21  
Staða: Varnarmaður



Nafn: Helmis Joel Matute  
Númer: 5  
Staða: Varnarmaður



Nafn: Magnús Gylfason  
Staða: Þjálfari



Nafn: Ragnar H. Róbertsson  
Staða: Aðstoðarþjálfari



Nafn: Lúðvík Jónsson  
Staða: Liðsstjóri

Sjúkrapjálfun:  
Sjúkrapjálfun Íslands.

Læknar:  
Brynjólfur Jónsson og  
Sigurður Á. Kristinsson.

# ***Leikmenn meistaraflokks 2005***

# MUNIÐ KR-AFSLÁTTINN



**HERRA-KLIPPINGAR**  
**DÖMU-KLIPPINGAR**  
**KRAKKA-KLIPPINGAR**



HÁRSNYRTISTOFAN

**GREIFINN**

HRINGBRAUT 119 - SÍMI 552 2077



Eiðistorgi • Seltjarnarnesi

## Veitingastaður fyrir alla fjölskylduna

...og að sjálfsgöðu í vesturbænum

**Pizzur**  
**Fiskréttir**  
**Samlokur**  
**Eftirréttir**  
**Hamborgarar**  
**Grill**  
**Pítur**  
**Salöt**

Hringbraut 119/Reykjavík sími 562 92 92



Næst þegar þú heldur afmæli, pizzipartý, eða t.d. fótbolta-veislu hefðu þú samband og láttu okkur gera þér tilboð.

**pizzatílbod**

**hádegisverðatílbod**



út að borða • fá sent heim

-í pizzum erum við bestir



**Hlaðborð**  
**í hádeginu**  
**alla virka daga**

krónur

**1090**  
pr. mann

[www.hroi.is](http://www.hroi.is)



# Viljum gullið

**Markadrottningin Hrefna Huld Jóhannesdóttir er komin aftur í Vesturbæinn eftir eitt ár í atvinnumennsku með norska liðinu Medkila. Hún ákvað að snúa aftur til heimahaganna fyrir þetta tímabil og mun styrkja kvennaflokkinn mikið enda markaskorari af guðs náð. Hrefna var spurð að því hvernig henni litist á að vera komin heim í KR.**

„Ég er mjög sátt. KR er mitt lið og ég kemst alltaf í tryllinginn þegar ég fer í hinn fallega KR búning. „Það styttist verulega í að Íslandsmótið hefjist og er Hrefna spennt og segir liðið vera á góðri leið. „Við erum búnar að standa okkur betur en nokkur þorði að vona og eigum von á fullt af góðum stelpum heim þannig að útlitið er bara mjög gott. Íris er búin að standa sig mjög vel með liðið og erum við búnar að vera 7 meistaraflokksstelpur á æfingum. Í leikjum hafa verið að spila 2. og 3. flokks stelpur sem eru að spila í fyrsta skipti með meistaraflokki og hafa staðið sig mjög vel undir góðri leiðsögn Írisar.“

## Nýskipaður fyrirliði

Hrefna er nýskipaður fyrirliði KR og auðvitað var hún spurð út í þann mikla heiður og auknu ábyrgð sem því fylgir. „Já auðvitað er það aukin ábyrgð en samt sem áður breytist maður í sjálfa sér ekki neitt. Ég reyni bara að hvetja stelpurnar áfram og miðla reynslu minni til þeirra þar sem að ég er komin á gamalsaldur og hokin af reynslu“ segir Hrefna og brosir.

KR liðið fékk góðan liðsauka frá Bandaríkjunum þegar tveir leikmenn gengu til liðs við félagið og verður fróðlegt að fylgjast með þessum bandarísku stúlkum kljást við þær íslensku í sumar.

„Í sjálfa sér veit ég ekki mikið um þær nema bara að þær eiga að vera liðsstyrkur fyrir okkur en eins og við hinar þurfa þær að sanna sig til að komast í liðið. Við verðum með gott lið og allir þurfa að standa sig til að komast í liðið. En auðvitað vona ég að þær séu mjög góðar.“

## Á hærra plani

Eins og flestir þeir sem fylgjast með fótboltanum hérna heima vita þá hélt Hrefna í atvinnumennsku til Noregs og lét

hún vel að vistinni. „Það var mjög gott að prófa atvinnumennskuna. Norska deildin er óneitanlega á hærra plani en deildin hér heima. Mér gekk ágætlega, skoraði 3 mörk í 10 leikjum og spilaði ýmist á miðjunni eða á hægri kanti en við vorum með lið sem var einfaldlega of reynslulítið til að spila í efstu deild. Þetta var góð reynsla fyrir mig sem nýtist mér vonandi í framtíðinni.“ Valur hefur haft yfirburði í 1. deild kvenna og hafa verið sannfærandi á undirbúningstímabilinu. En ætli sumarið verði eins og í fyrra? „Nei ég á ekki von á því, ég hef mikla trú á mínu liði. Ég tel að við séum með eitt vanmetnasta liðið í deildinni og þegar að allt liðið er komið saman á ég von á að við munum koma mörgum á óvart með okkar leik.“

## Þekkjumst vel

Marga leikmenn hefur vantað í undirbúning KR fyrir komandi átök og hafa margir haldið því fram að það komi til með að há liðinu, allavega til að byrja með. Hrefna er ekki á sama máli. „Alls ekki, við erum allt stelpur sem að höfum spilað mikið saman í gegnum tíðina og þekkjum hverja aðra mjög vel og ég hlakka mikið til að mæta á æfingu þegar að allur mannskapurinn sameinast á ný.“

Aðspurð um hvort að KR væri búin að setja sér markmið fyrir sumarið svaraði fyrirliðinn að bragði og stóð ekki á svarinu.

„Við höfum ekkert sest niður saman en ég hef fulla trú að allir séu að hugsa það sama að vinna, vinna og vinna.“

## Viljum gullið

Að lokum báðum við Hrefnu að segja nokkur orð við stuðningsmenn KR sem eru fjölmargir og skipta gríðarlegu máli fyrir stelpurnar. „Ég vil endilega hvetja alla KR-inga til að mæta á völlinn, ekki bara að lesa um okkur í blöðunum. Það er ekkert skemmtilegra en að sjá margt fólk á völlum sem eru að styðja við bakið á okkur. Það er ekki alltaf nóg að sitja heima og vona að við vinnum. Við þurfum á stuðningi allra KR-inga



að halda til að ná árangri og sýna hvað í okkur býr. Við lofum að leggja okkur allar fram og gera okkar allra besta með von um að gullið endi vestur í bæ.“

**Áfram KR**

# Hrefna Huld Jóhannesdóttir

# Verðum alltaf í toppbaráttunni

**Kvennalið KR hefur ekki síður verið stórveldi en karlaliðið undanfarin ár. Íris Björk Eysteinsdóttir þjálfari kvennaliðsins veit þetta og er að undirbúa stelpurnar undir hörku baráttu í sumar með nokkuð breytt lið frá því í fyrra.**

Íris lætur það ekki hafa áhrif á sig þó það hafi vantað ellefu stelpur í hópinn í vetur. „Ég hef einbeitt mér meira að þeim stelpum sem hafa verið á staðnum en þeim sem vantar. Þessar stelpur sem hafa leikið vorleikina hafa staðið sig rosalega vel og þó hópurinn hafi vissulega verið lítil þá höfum við æft eins og brjálaðingar og allir þeir leikmenn sem hafa verið hjá okkur í vetur hafa bætt sig gríðarlega. Við erum búnar að koma ákveðnu skipulagi á liðið og það er þeirra sem eru á heimleið að aðlagast því skipulagi en ekki okkar að aðlagast þeim. Það er ekki vænlegt til árangurs að breyta öllu rétt fyrir mót. Við vonum að þær geti aðlagast okkur sem fyrst en það verður vafalaust skemmtilegt á æfingum þegar allar stelpurnar eru komnar enda mikil gleði í kringum KR-stelpur.“

Það er alltaf mikil stemning í kringum KR og ríkir jafnan mikil bjartsýni fyrir hvert mót. „Sumarið leggst dúndurvel í mig. Það kemur alltaf fiðringur í magann þegar fyrsti leikur nálgast. Þetta er ótrúlega skemmtilegur hópur sem við höfum og einstök tilfinning að vera hluti af KR. Það er eitthvað svona auka sem KR hefur sem ég hef ekki kynnst neins staðar annars staðar. Það er erfitt að útskýra hvað þetta er en við nýtum það liðinu til góðs.“

## Maður í manns stað

KR hefur misst fjóra mjög öfluga leikmenn fyrir sumarið, þær Guðlaugu, Hólmfríði, Eddu og Sif. Íris hræðist þennan missi ekkert enda hafa öflugir leikmenn komið í liðið á móti ásamt því að þær stelpur sem fyrir voru í liðinu hafa bætt sig mikið. „Í staðinn fyrir þessar fjórar stelpur sem fóru fengum við strax Fjólu Friðriksdóttur sem hefur staðið sig frábærlega á undirbúningstímabilinu, Vönju Stefanovic sem er einnig mjög góð og Ásgerði Hildi Ingibergsdóttur sem er að komast í dúndurform. Hrefna Huld Jóhannesdóttir ákvað einnig að koma heim frá Bandaríkjunum og er hún búin að vera með okkur frá áramótum. Það er gott að fá hana aftur því hún er prímusmótorinn í þessu liði. Svo má líka nefna það að Guðný Guðleif og Anna Berglind hafa blómstrað í vörninni

í vetur og stigið stórt skref upp á við. Svo á KR að auki mikið af ungum og efnilegum stelpum sem hafa verið að spila vorleikina með okkur. Þær eiga margar hverjar eftir blómstra í byrjunarliði KR á næstu árum“ segir Íris sem spáir bjartri framtíð í Vesturbænum.

Íris leggur áherslu á að kjarninn í liðinu í ár er sá sami og í fyrra enda mjög öflugar stelpur á ferð. „Í vor bætast líka við nokkrar stelpur sem ekki voru með liðinu í fyrra sem hafa verið að spila í Bandaríkjunum í vetur. Þar má nefna þrjá Bandaríkjamenn, Sarah, Carmen og Katherine, Ingibjörgu Jóhannesdóttur frá Þrótti, Lilju Valþórsdóttur sem kom frá Þór/KA/KS og Erlu Dögg Sigurðardóttur sem kemur frá Breiðblik.“

## Helena Ólafs verður viðriðin liðið í sumar

Íris er barnshafandi og því hefur hún fengið vinkonu sína og fyrrverandi landsliðsþjálfara Helenu Ólafsdóttur til að starfa með sér í sumar til að geta gripið inn ef þurfa þykir. „Ég og maðurinn minn, Siggí Raggi, eigum von á barni í lok ágúst svo hver veit nema ég get klárað tímabilið með KR sem klárast snemma í september. Helena er í startholunum og tekur við af mér þegar ég get ekki meira. Við reiknum með að hún komi inn í þetta með okkur frá lokum júní. Þannig að þegar hún tekur alveg við liðinu verða skiptin þægileg fyrir leikmennina og hana sjálfa. Við Helena höfum rætt mikið



saman og hún fylgist grannt með liðinu“ sagði Íris sem á tvö ár eftir af samningi sínum við KR.

## Ólýsanlegur andi í KR heimilinu

Íris hefur verið með annan fótinn í KR-heimilinu síðan hún var 17 ára þegar hún kynntist Sígga Ragga sem er uppalinn KR-ingur. „Á þessum tíma fann ég strax hvernig andinn í klúbbnum er og í haust þegar við Hilla (Ásgerður Hildur) tókum við liðinu fékk ég það staðfest að andinn hér er ólýsanlegur. Við tókum strax eftir því hve vel okkur var tekið og það var bara strax eins og að koma heim að koma í KR heimilið. Hérna stoppar fólk og spjallar, við kíkjum í pottinn eftir æfingar og ég held að við Hilla eigum Íslandsmet í því að vera lengi í sturtu því við höngum heilu tímana í KR-heimilinu eftir æfingar svo þar er greinilega gott að vera.“ Íris tekur bara einn leik fyrir í einu og vill ekki tala of mikið um markmið sumarsins. „Við ætlum bara að byrja á fyrsta leiknum og taka einn leik fyrir í einu og sjá hvernig staðan er eftir þrjá leiki til að byrja með. En KR er alltaf í baráttu við toppliðin og við ætlum ekki að hafa það öðruvísi í ár.“

## Kvennaknattspyrnan er á uppleið

Allir sem fylgst hafa með kvennaknattspyrnunni á Íslandi undanfarin ár vita að framfarirnar hafa verið miklar og því er Íris sammála. „Eins og leikmenn mínir geta vitnað um þá er ég ekki gömul en þegar ég byrjaði var bara til 2. flokkur kvenna og ekkert neðar en það. Í ár var verið að stofna 7. flokk í kvennaboltanum á Íslandi. Þetta er afar spennandi og skilar okkur betri og tekniskari leikmönnum. Júlíana Einarisdóttir leikmaður hjá okkur er gott dæmi um þetta. Hún er enn í öðrum flokki en búin að festa sig í liðinu enda einn tæknilega besti leikmaður sem KR á í kvennaboltanum. Einnig hefur kvannlandsliðið verið hársbreidd frá því að tryggja sér þátttökurétt í lokakeppni EM tvisvar í röð sem ég tel merki um miklar framfarir. En lengi má gott bæta og breiddin í yngri flokkunum mætti skila sér betur upp í meistaraflokk.“

Að lokum spurði blaðamaður KR blaðsins Írisi hvort hún vildi koma einhverju á framfæri við stuðningsmenn KR. „Mætið endilega á kvenna- jafnt sem karlaleikina í sumar. Það er virkilega gaman að horfa á stelpurnar spila. Þær eru tekniskar, vel þjálfaðar og spila skemmtilegan og léttleikandi bolta. Áfram KR og sjáumst á vellinum.“

**Íris Björk Eysteinsdóttir**



...ískalt og svalandi

# Andfýlan ferleg

**Það vakti mikla athygli þegar varnarmaðurinn sterki hjá KR Gunnar Einarsson ákvað að hætta notkun munntóbaks og um leið skora á alla félagana sína í liðinu sem og aðra knattspyrnumenn að hætta allri munntóbaksnotkun síðasta sumar. Blaðamaður KR blaðsins hafði samband við Gunnar og spurði hann hvernig þessi barátta hans hafi gengið og hvernig honum líst á komandi tímabil hjá KR.**

Gunnar Einarsson hafði notað munntóbak í fimm ár þegar hann ákvað að hætta þessum ósið. „Ég var farinn að nota þetta mjög mikið. Það fóru miklir peningar í þetta og mikill tími í að verða sér úti um munntóbakið, auk þess að þetta var farið að hafa áhrif á glerunginn og tannholdið á mér þannig að það var einfaldlega kominn tími á að hætta þessu. Ekki hjálpar til að maður verður víst svo andfúll af þessu sem mér fannst ferlegt!“ Munntóbaksnotkun er mjög ávanabindandi og því ljóst að það er ekki auðvelt að hætta en munntóbak inniheldur ávana- og fíkniefnið níkotín. Gunnar ákvað að hætta fyrst og fremst fyrir sig sjálfan en ekki einhvern annan sem er eina leiðin til að geta hætt. „Menn verða að finna það hjá sjálfum sér að vilja hætta. Ég hætti fyrir mig sjálfan og því hefur þetta gengið vel. Ég hef notað nicorette nefúða og tungurótartöflur til að aðstoða mig við þetta.“

## Bara fengið jákvæð viðbrögð

Munntóbak getur haft ekki síður skaðlegar afleiðingar en reykingar. Notkun munntóbaks eykur hættuna á krabbameini í munni. Munntóbakið getur einnig valdið því að gómurinn rýrnar sem getur valdið tannlosi þannig að það eru margar ástæður sem hægt er að gefa sér til að hætta þessum ósið eða til að taka hann ekki upp. Þó strákarnir í KR hafi verið duglegir við að stríða Gunnari í baráttunni gegn notkun munntóbaks þá hafa öll viðbrögð sem hann hefur fengið verið jákvæð. „Það hafa komið til mín foreldrar barna sem stunda íþróttir og lýst yfir ánægju sinni yfir þessari ákvörðun minni sem er bara frábært.“ Gunnar myndi vel vilja koma að forvörnum varðandi tóbaksnotkun. „Þeir foreldrar sem eru með börn í KR eiga að fræða börn sín um mikilvægi þess að ef árangur á að nást í þeirri íþrótt sem einstaklingurinn stundar þarf hann að huga að heilbrigðu lífini og með notkun munntóbaks minnkar sá möguleiki

mikið, foreldrar geta nálgast góðar greinar á netinu þar sem talað er t.d. um árangur í fótbolta með og án munntóbaks.“

## Ætlum að gera betur en í fyrra

Árangur KR í fyrra var engan vegin viðunandi og ætla Gunnar og félagar í KR liðinu að gera betur en í fyrra. „Það er mikill hugur í okkur leikmönnum og við viljum að sjálfsgöðu leiðréttu slakt gengi síðasta tímabils. Við erum með samheldinn hóp sem hefur mikinn metnað í að standa sig og skemmta stuðningsmönnum okkar með góðum fótbolta. Undirbúningstímabilið hefur gengið vel og það eru margir ungir og efnilegir strákar sem hafa fengið tækifæri í vetur og staðið sig vel.“

Gunnar segir leikmenn liðsins vera mjög ánægðir með æfingarnar hjá Magnúsi þjálfara og hefur fjölbreytnin í æfingum verið mikil. „Við erum búnir að æfa vel í vetur og það á eftir að endurspeglast í leik okkar í sumar. Við erum búnir að vera í vel skipulögðum æfingum í vetur sem hefur verið samblanda af pressuhamli, hraðaprófunum, erobik, joga, lyftingum og að sjálfsgöðu fótbolta. Fjölbreytni þessara æfinga hafa gert veturinn erfiðan og skemmtilegan.

Magnús hefur lagt fram vinnureglur og markmið sem við leikmenn vinnum eftir og þar er ljóst að ef það er unnið samvirkusamlega eftir þeim mun árangur nást ásamt góðum stuðningi frá okkar frábæru stuðningsmönnum. Magnús nær líka því besta út úr hverjum og einum og tel ég það mjög mikilvægan þátt í hans starfi ásamt því að æfingarnar hjá honum er vel skipulagðar og agaðar.“

KR fer alltaf í öll mót til að vinna þau og þannig hefur það alltaf verið. Gunnar segir leikmenn vel undirbúna fyrir mótið í ár og að þeir hafi lært af mótinu í fyrra. „Við förum að sjálfsgöðu í öll mót til að vinna en í fyrra small hreinlega ekkert saman hjá okkur og við vorum alltaf að rembast en ekkert gerðist og það er mikið sem maður lærði af því tímabili. Núna er gott

jafnvægi í hópnum, sjálfstraustið er í lagi, umgjörðin góð og við erum með bestu stuðningsmennina þannig að það er allt til staðar til að ná góðum árangri.“

Þó nokkrar breytingar hafa orðið á KR hópnum frá því í fyrra og segir Gunnar hópinn vera samheldinn og sterkan. „Ég er að hefja mitt sjötta tímabil með KR og þegar maður lítur yfir sögu félagsins, titlana, fólkið sem mætir á völlinn og sjálfboðavinnuna þá lít ég á að það er ekkert sjálfsagt að fá að klæðast KR treyjunni og ég er afar stoltur af því að vera hluti af góðum hóp meistaraflokks KR.“

„Þegar ég fer yfir síðasta tímabil í huganum þá er ég engan veginn sáttr við mína frammistöðu og nú á nýju móti ætla ég að sýna félögum mínum og stuðningsmönnum úr hverju ég og leikmenn liðsins erum gerðir. Við gerum þá kröfu til okkar að hver og einn leggi sig alltaf 100% fram.“

Gunnar gerir sér fyllilega grein fyrir mikilvægi stuðningsmanna liðsins. „Ég vill þakka ykkur frábæru stuðningsmönnum KR fyrir að styðja okkur svona vel og ég hvet ykkur til að mæta á leiki okkar í sumar og styðja meira við okkur því framlag ykkar er lykillinn að okkar árangri“ segir Gunnar að lokum.



**Gunnar Einarsson**



PRO STAR

www.macc.co.il



# KR verður í toppbaráttunni

**Hinn öflugi hægri kantmaður KR til margra ára (og bakvörður í seinni tíð) Hilmar Björnsson hefur lagt skóna á hilluna vegna meiðsla og hefur snúið sér að golfinu. Hann stjórnar einnig einni bestu íþróttasjónvarpsstöð í heimi, Sýn. KR blaðið fékk Hilmar til að spá í sumarið og fræða okkur um aukna þjónustu Sýnar við Landsbankadeildina.**

## Spennandi mót framundan

Eins og aðrir knattspyrnuáhugamenn þá er Hilmar spennur fyrir komandi leiktímabili eins og alltaf á vorin. „Mér líst vel á mótið. Liðin hafa flest styrkt sig töluvert og það verður fróðlegt að fylgjast með Gauja Þórðar í Keflavík. Svo eru Köttararnir mættir á pallana og það eru alltaf einhverjir sem koma á óvart þannig að ég held að þetta verði skemmtilegt mót. Það verða margir leikir leiknir strax í maí og því má gera ráð fyrir því að í byrjun júní verði línur farnar að skýrast.“ KR spilar fjóra stórleiki strax í maí og er Hilmar bjartsýnn á gengi liðsins í sumar. „Mér finnst KR liðið koma vel undan vetri. Liðið hefur æft vel og úrslitin hafa verið góð í vetur og landaði Deildarbikarnum nú í maí. Leikmenn KR vilja gera betur en í fyrra og ef ég þekki þá rétt geta þeir ekki beðið eftir því að mótið hefjist.“

## Vonandi spilar Maggi sóknarbolta

Magnús Gylfason hefur tekið við stjórn KR liðsins en hann þjálfaði ÍBV í fyrra með framúrskarandi árangri. „Mér líst mjög vel á vin minn Magga sem þjálfara KR“ segir Hilmar. „Maggi hefur marga kosti sem þjálfari þarf að bera. Hann er mjög metnaðargjarn, hefur heraga, hann nær miklu út úr leikmönnum sínum og er góður félagi.“ Mörgum stuðningsmönnum KR fannst liðið spila full varnarsinnaða knattspyrnu í fyrra og telur Hilmar að það verði breyting á því í sumar. „Varnarsinnuð knattspyrna á ekki heima í Vesturbænum og ég treysti því að Maggi muni spila

sóknarknattspyrnu í sumar, sérstaklega á heimavelli þar sem flestir andstæðingar okkar sækja venjulega á fáum leikmönnum.“

Magnús náði frábærum árangri með ÍBV í fyrra þegar þeir höfðu í öðru sæti á eftir FH. „FH-ingar fengu mikla athygli í fyrra enda frábær árangur hjá liðinu og mér fannst sérstaklega gaman að sjá vini mína í Hafnarfirði lyfta bikarnum í fyrsta sinn en menn gleyma oft liðinu sem endar í öðru sæti. Maggi náði frábærum árangri með Eyjamennt á síðasta tímabili en þeir gátu enn orðið Íslandsmeistarar fyrir síðustu umferðina. Maggi náði fram leikgleði og baráttuanda í ÍBV í fyrra og þrátt fyrir að vera ekki með besta liðið á pappírnum var árangurinn frábær. Það er því ljóst að baráttuandann og leikgleðina mun ekki skorta í Vesturbænum í sumar ef ég þekki Magga rétt.“

## KR verða í toppbaráttunni

Þrátt fyrir að KR hafi misst toppleikmenn á borð við Guðmund Benediktsson og Kristján Örn Sigurðsson þá telur Hilmar að KR verði með í baráttunni um titilinn í sumar. „KR þurfti á miðjumannstýpu eins og Bjarnólfi á að halda og ef Grétar Hjartarson er í formi þá er hann einn af bestu leikmönnum landsins. Þá verður Garðar Jóhannsson vonandi heill og er þá mjög öflugur. Maggi er að búa til lið sem hentar hans leikkerfi og það verður spennandi að sjá hvernig það kemur út.“ KR-ingar voru mjög óheppnir með meiðsli í fyrra og telur Hilmar að ef allir verða heilir kemur KR sterklega til greina sem meistarar. „Ég vona líka að hinn ungi leikmaður Arnþjófur Ástvaldsson nái að setja mark í sumar.“ Það má búast við því að Íslandsmeistarar FH komi til með að berjast um titilinn við KR í sumar. „FH-ingar eru eins og KR með mjög sterkan mannskap og verða í toppbaráttunni. Óli Jó þjálfari FH hefur jákvætt vandamál fyrir höndum en það er að velja fyrstu ellefu hverju sinni. Styrkur FH er þó hve lengi kjarni liðsins hefur spilað saman. Þeir vita líka hvað til þarf eftir að hafa tekið titilinn í fyrra.“

Hilmar er þó viss um að það verði ekki bara þessi tvö lið sem berjast um titilinn. Hann telur að KR-ingurinn Willum Þór muni stýra Val í toppbaráttuna. „Willum hefur sýnt að hann er klókur þjálfari sem nær árangri enda þekkir hann hvern einasta leikmann Íslands eins og lófann á sér. Þá hefur Guðni Bergsson sagt mér að allt verði rautt í sumar, bæði innan vallar sem utan þannig

að það er eitthvað sem segir mér að Valsmenn verða í toppbaráttunni.“

„Þau lið sem munu koma á óvart verða að mínu mati ÍA og Keflavík. Þau verða annað hvort í fallbaráttu eða taka titil. Það fer allt eftir því hvort þau verða dugleg við að taka stig á útivöllum.“

## Meiðslin skilaboð um að hætta

Hilmar var rétt búinn að jafna sig af krossbandasliti þegar hann sleit krossband að nýju á æfingu. Í ágúst síðastliðnum tilkynnti hann stjórn KR að hann væri hættur fótbolta- iðkun. „Ég var búinn að vera í endurhæfingu í rúmt ár eftir árgerð og sá ekki fram á að geta náð þeim styrk sem ég sætti mig við persónulega. Ég elska að spila fótbolta en ég get ekki gert sjálfum mér eða félögum mínum það að vera ekki í 100% formi.“ Hilmar ætlar nú að einbeita sér að golfinu en hann fer væntanlega í aðgerð í haust að loknu golf tímabilinu. „Ég hef verið heppinn með meiðsli á ferlinum en mér hafa verið send ákveðin skilboð að hætta og get nú farið að sinna öðru og tekið mér sæti í stúkunni.“ Hilmar er í mjög krefjandi vinnu sem sjónvarpstjóri Sýnar og mun láta sér nægja að mæta á völinn og hitta félagana ásamt því að styðja son sinn, Dániel, og frænda Davíð sem æfa báðir með yngri flokkum KR en ekki starfa opinberlega fyrir félagið eins og er „Fjölskylda mín á það inni hjá mér eftir öll þessi ár í boltanum að ég gefi þeim góðan tíma.“

## Aldrei verið betri umgjörð en nú á Sýn

Eins og áður hefur komið fram er Hilmar Björnsson sjónvarpstjóri Sýnar en Sýn mun fjalla af miklum krafti um Landsbankadeildina í sumar. „Við ætlum að auka við beinar útsendingar í sumar ásamt því að gera umgjörðina enn betri. Nú verða að minnsta kosti 24 leikir í beinni útsendingu en í fyrra voru beinar útsendingar 18 talsins. Við verðum með sérstaka upphitun fyrir leikina þar sem við tökum meðal annars stuðningsmenn tali. Þá verðum við með sérstaka þætti um hvern þriðjung mótsins þar sem umferðirnar verða gerðar upp og við spáum í spilin. Auk þess verðum við með mikla umfjöllun í okkar miðlum á 365.“

„Umgjörðin í kringum Landsbankadeildina hefur aldrei verið stærri og þetta hjálpar vonandi knattspyrnunni að verða enn betri“ sagði Hilmar.

## Takk fyrir mig!

Hilmar vill ekki meina að hann hafi nein áhrif á það hvort KR verði oftari í beinni útsendingu en önnur lið í deildinni. „KR hefur unnið fjóra Íslandsmeistaratitla síðustu sex ár og þar af leiðandi hafa margir KR leikir verið í beinni á Sýn en það hefur ekkert með það að gera að ég sé KR-ingur. Við veljum þá leiki sem eru spennandi hverju sinni. Þess

ber að geta að í fyrstu fjórum umferðunum þá verður sýnt frá öllum leikjum allra liða Landsbankadeildarinnar.“

Aðspurður að því hvort Hilmar vildi koma einhverju á framfæri til KR-inga stóð ekki á svari. „Skemmtilegustu stundir mínar í boltanum voru að klæðast KR treyjunni og ég á frábærar minningar í þessi 20 ár sem ég spilaði fyrir félagið. Þar skipti engu hvort það var að vinna bikarinn, spila í Evrópukeppninni eða bara

vera á æfingu á gömlu góðu mölinni. Ég var heppinn að spila með frábærum árgangi '69 og síðan með mörgum skemmtilegum leikmönnum í meistaraflokki svo ég gleymi ekki þjálfurunum og hinum frábæru stuðningsmönnum KR “Ég þakka kærlega fyrir mig!”“



**Hilmar Björnsson**

# KR-TILBOÐ Í BYKO

## HRINGBRAUT



**2.990**

4.960

Nr. 3841010-1458

### Viðarvörn

PONTEX CLASSIC

viðarvörn, allir litir, 5 ltr.



Nr. 32700882

### Gashitari

Gashitari, ryðfir.

**21.900**

**FRÁBÆRT  
TILBOÐ!**



**9.900**

Nr. 58832-04

### Gashitari

Mr. heat  
borðhitari.



**6.990**

11.100

Nr. 74101038

### Sláttuorð

BOSCH sláttuorð,  
Art 30GSD.

**2.490**

4.750

Nr. 741010023

### Sláttuorð

BOSCH sláttuorð,  
Art 23 G.



**5.990**

Nr. 741017830

### Grasklippur

BOSCH grasklippur, AGA 50.

### Opnunartími BYKO Hringbraut

|                |             |
|----------------|-------------|
| mánud - föstud | 08:00-19:00 |
| laugardaga     | 09:00-18:00 |
| sunnudaga      | 10:00-17:00 |



**BYGGIR MEÐ ÞÉR**

SÍMI: 562 9400

# Domino's Pizza



**58 • 12345**

Á KR vellinum í 13 ár

# Skrúður

bistro • restaurant • bar

Afslappaður og þægilegur  
veitingastaður í þínu nágrenni.

Fjölbreyttur matseðill og glæsilegt  
hádegisverðarhlaðborð á góðu verði.

Skrúður / Radisson SAS Hótel Saga / Hagaforgi / 107 Reykjavík  
Sími: 525 9900 / [www.skrudur.is](http://www.skrudur.is)

*Bæjarins  
bestu  
pýlsur*



LÝÐHEILSUSTÖÐ

**KR-ísinn fæst hjá okkur**

**ÁFRAM KR!**  
**Ís og**  
**Ísbúðin**  
**Hjarðarhaga**  
opið til 23:30  
**vídeó**

*Fiskbúðin*  
**VEGAMÓT**



**Alltaf Fremstir**  
Full búð af ferskum Fiski  
Og allt á grillið

**Fiskbúðin Vegamót**  
**Nesvegi 100**  
**170 Seltjarnarnesi**



**HRAÐI**

*Fatahreinsun og pressun*  
*Ægisíðu 115*  
*552 4900*


- Hreinsun
- Þvottur
- Fataviðgerðir
- Skóviðgerðir
- Sækjum og sendum í fyrirtæki

*sérhæfð meðferð á vönduðum fatnaði*



# KR ER STÓR- VELDIÐ!

*Í fjöldamörg ár hafa Íslendingar farið í verslunarferðir til Skotlands. Þá verður hin stórskemmtilega borg Glasgow yfirleitt fyrir valinu, enda mikil verslunarborg og verð yfirleitt hagstætt miðað við það sem gengur og gerist hér á landi. Við erum þó ekki að fara að tala við viðmælanda okkar um gengissveiflur og verðlagsmismun landanna. Kjartan Henry Finnbogason heitir ungur Vesturbæingur sem átti leið til Glasgow síðsumars á síðasta ári. Þangað hélt hann ásamt vini sínum og liðsfélaga úr KR, Theodóri Elmari Björnssyni, en þeir fóru þó ekki í sömu erindagjörðum og samlandar þeirra hafa gert á undan þeim. Þeir voru fengnir til liðs við stórveldi Glasgow Celtic, margfaldra Skotlandsmeistara og eins stærsta liðs á Bretlandseyjum.*



Okkur langaði til þess að vita hvernig lífið gengi hjá vinunum og höfðum samband við Kjartan Henry. Kjartan sagðist ekki getað kvartað undan lífinu í Glasgow. „Ég hef það bara mjög gott þakka þér fyrir. Ég og Emmi [Theodór Elmar (innsk. blm.)] erum búnir að koma okkur mjög vel fyrir herna og svo fer núna að styttest í smá sumarfrí, ekki það að ég sé eitthvað að kvarta.“ Daglegt líf þeirra félaga hefur breyst töluvert frá því í fyrra. Núna snýst þetta allt saman um fótbolta.

„Ef ég reyni að lýsa venjulegum degi hjá mér þá vakna ég 8:30 og verð að vera mættur niður á völl 9:45. Þar fer ég í æfingagallann og svo upp í morgunmat þar sem er stjánað við mann eins og á finum veitingastað. Síðan er maður ekkert að flýta sér, horfir á Sky Sports og drekkur te. Svo er æfing um 11 leytið. Svo er hádegismatur eftir æfingu, síðan önnur æfing eða farið heim. Þannig að ég er kominn heim um 15:30 oftast. Síðan eru 60.000 manns á hverjum einasta leik.“

Honum finnst skoska knattspyrnan henta sér sem Íslendingi nokkuð vel og ekki sé mikill munur á skosku og íslensku úrvalsdeildinni. „Það er mikil harka og mikið af návígjum. En svo eru leikmenn sem krydda þetta eins og [Craig] Bellamy sem er fáránlega snöggur og ekki mikið í návígjum. En allavega hentar þessi bolti mér mjög vel og er ég búinn að bæta mig mikið finnst mér.“ Síðan hann kom til Skotlands hefur hann vakið mikla athygli fyrir frammistöðu sína í leikjum 19 ára- og varaliðs Keltanna úr Glasgow. Við ákváðum því að spyrja hann hvort Martin O'Neill, stjóri aðalliðsins, væri ekki búinn að gefa sig á tal við hann og segja honum hvenær stóra tækifærið gæfist. „Nei, hann hefur nú mjög mikið að gera þessa dagana þar sem deildin er ekki ennþá búin og Celtic er tveimur stigum á undan Rangers þegar það eru tvær umferðir eftir. En þegar við rekumst á hann þá er hann mjög almennilegur og áhugasamur, en ég er búinn að fá mikið hrós frá varaliðsþjálfaranum og 19-ára þjálfaranum og nú er það bara undir mér komið hvenær ég byrja að spila með aðalliðinu.“

## Gott er að eiga góða að

Það er margt sem ungir menn læra á því að fara út í atvinnumennsku í knattspyrnu, og þá ekki bara knattspyrnulega séð. „Ég hef lært mjög mikið síðan ég kom út og meðal annars á þvottavél. En ég hef bætt mig mikið í fótbolta á þessum stutta tíma og sérstaklega að fá boltann í lappir og halda honum og einnig hraða. Núna er bara að halda áfram að bæta sig sem knattspyrnumaður.“ Það sem hefur að hans mati hjálpað honum mest er þó að Theodór Elmar er þarna með honum. „Ég held að það sé búið að vera eitt það mikilvægasta í þessu öllu saman, bæði í sambandi við árangur minn hingað til og vellíðan,“ segir Kjartan og bætti því við að gott sé að hafa einhvern sem þekkir hann á vellinum. „Við erum mjög góðir vinir og þekkjum hvorn annan inni á vellinum, tölum íslensku inni á vellinum og svo er náttúrulega gott að geta rætt hvað má betur fara eftir leiki og æfingar.“

## Langar að spila með KR í sumar

Eins og áður hefur áður hefur komið fram eru þeir vinirnir bráðlega á leiðinni í sumarfrí heim til Íslands, hvers skyldi Kjartan nú hafa saknað mest frá landinu í vetur. „Ætli það sé ekki kærastan, fjölskyldan, vinirnir og íslenska vatnið. En þetta er nú að skána þar sem kærastan flytur út með mér þegar sumarfríð er búið.“ Í fríinu verður hann að bíta í það súra epli að vera áhorfandi á leikjum KR en hann viðurkennir það fúslega að hann kitli í tærnar yfir því að fá að spila. „Jú, það er oft búið að koma upp í hugann hversu gaman það var að spila fyrir KR í fyrrasumar og hvað mig langar að koma heim í sumar og spila, en ég er búinn að vera á fullu núna síðustu mánuði og spila leik og stundum tvo leiki í viku. Núna verð ég að vera skynsamur í fyrsta skipti og hvíla mig og styðja mitt lið uppi í stúku í sumar.“ Þrátt fyrir að hann verði ekki í liði KR í sumar býst hann við því að þeir verði í toppbaráttunni. Hann hefur fylgst lítið með undirbúningstímabilinu en þó séð hverjir hafa unnið hvað. „Ég held að þetta eigi eftir að verða hörkumót í sumar og margir skemmtilegir leikir framundan. Ég hef líka séð að það eru margir ungir strákar eins og ég búinir að fá tækifæri í deildarbikarnum og standa sig mjög vel. Ég vona bara að þeir fái einnig tækifæri þegar komið er út á grasið og sólin byrjuð að skína. Öll liðin eiga möguleika á því að vinna titilinn í byrjun, en ég held að FH, Valur og KR eigi eftir að berjast um dolluna þetta árið.“

## Framtíðin í hans eigin höndum

Kjartan telur að leiðin til velgengni sé sú að setja sér háleit markmið og ekki hætta að stefna á þau fyrr en maður nær þeim. „Það er allt hægt eins og sést þegar maður horfir á Eið Smára vinna ensku deildina og skora á móti Barcelona.“ Að lokum spurðum við hann svo um framtíðina. Hann svaraði því auðmjúkur að hann vonaði bara að honum héldi áfram að ganga eins vel og honum hefur gengið „Og líða svona vel hér í Glasgow og haldi áfram að bæta mig sem leikmaður, þá veit maður aldrei hvað gerist.“

KR-ingarnir ungu hafa það sem sagt bara mjög gott í Glasgow, eru í góðu yfirlæti og una sér vel. Þeir hafa lært margt nýtt, bæði knattspyrnulega séð og svo heimilislega, og spila nú með einu fornfrægasta knattspyrnuliði heims. En Kjartan veit þó hvar rætur hans liggja, því þó honum finnst allt vera stórt og flott og vel gert við þá þarna úti þá er KR alltaf STÓRVELDIÐ í hans huga. Ljúkum þessu stutta viðtali við þennan viðkunalega dreng með seinustu orðum hans við blaðamann: „Áfram KR!“



Við kynnum nýjan  æfingagalla!



Fullt verð  
kr. 6.990.- barnastærðir  
kr. 7.990.- fullorðinsstærðir.

Tilboðsverð til 4. júní

Allar stærðir

Kr. 5.500.-



Tilboð á KR fótbolta  
Kr. 1500.-



# Jói útherji

knattspyrnuverslun

Ármúla 36 s. 588 1560

[www.joiutherji.is](http://www.joiutherji.is)





## Tuttugu og tveir peyjar og lífið er leikur

### Shellmótið i Eyjum 22. - 26. júní

hápunktur knattspyrnuársins hjá 6. flokks peyjum um allt land síðan 1991.

### "Sá sigrar sem tekur þótt"

þingja 3000 peyjar og fjólskyldur þeirra saman í Eyjum í júní á hverju ári. Að taka þótt er einmitt það sem við gerum með þér að styrkja Shellmótið.

Shellmótið er eitt af mörgum verkefnum sem við hjá Skeljungi leggjum lið. Við teljum það mikilvægt hlutverk að eiga þótt í að skapa gleði, efla félagsþraska og auka heilbrigði - jafnt þeirra ungu sem eldri.

Shell - með þér alla leið



# Melabúðin



### Afgreiðslutími:

Mán.- föstudaga 9-20

Laugardaga 10-20

Sunnudaga 12-20

## Velkomin



### Þín verslun

HAGAMEL 39 • SÍMI 551 0224



**gæði  
úrval  
þjónusta**



# Samvinna = árangur



## Öflugri og endingarbetri!

HP Compaq fartölvur

4 + 5

HP hefur hannað nýja fartölvulínu sem með auka rafhláðu gefur þér allt að níu klukkutíma endingu. Ný HP tækni tvöfaldar tíma þinn til að vera á ferðinni.

Verð frá **99.900 kr.**

Skoðaðu nánar á [www.fartolur.is](http://www.fartolur.is)

- # Intel Pentium Mobile Technology
- # Microsoft Windows XP Pro
- # Innbyggt þráðlaust netkort
- # Íslenskt lykklaborð með vökvörð
- # Lettar og þunnar fartölvur

- # HP Compaq nc6110 - á frábæru verði
- # HP Compaq nc6120 - frábær í leik og starfi
- # HP Compaq nc6220 - öryggi og sveigjanleiki
- # HP Compaq nc8230 - breiðskjór og birtuskynjari
- # HP Compaq nc4200 - sérlega létt og meðfærileg

**OPIN KERFI**

[www.ok.is](http://www.ok.is) / Sími 570 1000



# Leiðin liggur fram á við

***Drengur er nefndur Gunnar Kristjánsson sem hefur sýnt frábæra hluti með meistaraflokki KR á undirbúningstímabili komandi sumars. Gunnar er fjölhæfur leikmaður. Hann er að upplagi sóknarmaður en hefur spilað í vinstri bakvarðarstöðunni það sem af er ári. Við tókum tal á drengnum og spurðum hann út í komandi leiktíð.***

Gunnar viðurkennir að það sé stórt skref að fara úr 2. flokki í meistaraflokk en þetta sé áskorun sem hann hræðist engan veginn. „Að sjálfsgöðu er andstæðingurinn erfiðari en að sama skapi er ég að spila með góðum leikmönnum. En þetta er skref sem maður verður að taka og því fyrr, því betra. En núna liggur leiðin bara fram á við og um að gera að halda sér í liðinu því allt annað er skref aftur fyrir mig.“ Magnús Gylfason þjálfari hefur teft fram ungu liði í upphitunarmótum keppnistímabilsins. Þar komst hann að því að efniviðurinn úr 2. flokki væri með besta móti þetta sumarið, þeir tókust á við áskorunina og gott betur. Þeir sigruðu Þrótt í úrslitum deildarþakarsins. „Við sýndum það bara að við eigum fullt erindi þarna inn, því árangurinn talar sínu máli. Menn mega ekki bara einblína á þennan tiltekna úrslitaleik því menn hafa líka verið að spila í þessum leikjum þarna á undan. Svo er það líka gott fyrir sjálfstraustið að halda sæti sínu þegar vel gengur því þá finnur maður að þjálfarinn hefur trú á því sem maður er að gera. Ef maður er í liðinu í næsta leik á eftir veit ég að ég var að gera rétt í leiknum á undan. En ef maður er á bekknum þýðir ekkert að fara að grenja og um að gera að koma sér í liðið aftur. En þó svo að við eigum ákveðinn þátt í þessum sigri þá megum við ekki gleyma því að við „yngri“ strákarnir eigum bara vissan þátt í þessum árangri því þarna eru fullt af reynsluboltum sem hjálpa okkur mikið og eru liðinu afar mikilvægir.“

## Er ekki bundinn við bakvörðinn

Þrátt fyrir að vera að upplagi sóknarmaður hefur Gunnar verið að spila stöðu vinstri bakvarðar í sumar. KR-ingar hafa nú fengið til liðs við sig erlendan leikmann til þess að spila í þeirri stöðu en Gunnar telur það ekki vera mikla ógnun við veru sína í liðinu. „Vissulega vill maður vera í liðinu, en hingað til hef ég nú varla talist sem bakvörður. Þetta er í fyrsta skipti sem ég spila þessa stöðu enda er ég sóknarmaður að upplagi. Þannig lít ég ekki á Matute sem ógnun við mig, heldur sem leikmann sem styrkir liðið. Ef

hann fer í bakvörðinn, sem er ekkert öruggt, þá finnst mér bara aðra stöðu í liðinu. Hann alveg eins og ég er að keppa um stöðu í liðinu við alla aðra í liðinu. Ég er ekki bundinn við bakvörðinn og held að Maggi sé ekki að henda mér út úr liðinu með því að fá hann í hópinn.“

## Stjáni Finnboga er sannur KR-ingur

Sem ungur leikmaður lítur Gunnar nokkuð upp til samherja sinna sem lengur eru búnir að vera hjá liðinu. Hann segist þó þurfa að líta upp til þeirra flestra sökum smæðar. „Þar sem ég er við dvergamörkin þá lít ég upp til allra í orðsins fyllstu merkingu. En svona í alvörunni talað þá er oft svolítið erfið að halda upp á samherja sína. Vissulega eru þarna margir góðir leikmenn sem ég get lært mikið af. Af þeim leikmönnum sem eru að spila mikið núna og ég lít mikið upp til má nefna Stjána Finnboga þar sem hann er sannur KR-ingur sem leggur sig alltaf fram. En af þeim sem ég leit mikið upp til á mínum yngri árum (er reyndar afar ungur) þá verð ég að nefna Einar Þór (þjálfara minn) og Óskar Hrafn. Það var ekki leiðinlegt að sjá hann tækla mann og annan.“

## Bíður eftir kallinu frá Benitez

Nú hurfu tveir ungir leikmenn á brott frá KR eftir síðasta tímabil, þeir Kjartan Henry og Theódór Elmar, nánast beint upp úr 2. flokki. Við spurðum Gunnar að því hvort hann vonaðist eftir svipuðu tækifæri og þeir fengu. „Þeir Kjarri og Emmi byrjuðu nú á að tryggja sér sæti í liðinu. Þannig að ef ég ætla mér út þá verð ég að sýna það að ég eigi erindi í liðið hjá KR. En vissulega væri spennandi að fara út. En hvort það gerist núna eða eftir nokkur ár verður bara að koma í ljós. Ef ég þekki móður mína rétt þá vill hún

að maður klári stúdéntinn fyrst en ef það kæmi eitthvað verulega spennandi væri erfið að segja nei. En fyrst verður maður að sýna árangur og þá gerist kannski eitthvað. En eins og ég sagði þá verð ég að sýna eitthvað fyrst. Annars er maður alltaf að bíða við símann eftir samtali frá Benitez.“

Að lokum fengum við Gunnar til þess að spá í það hvaða lið komi til með að berjast um Íslandsmeistarátílinn í sumar. „Ég held að það verða mörg lið sem munu blanda sér í baráttuna um annað sætið. Þarna eru mörg ágætis lið eins og FH og Skaginn sem munu verða í þeirri baráttu. Ég hef nú það mikla trú á þessu liði okkar, að ef við spilum að eðlilegri getu þá eru titlarnir okkar.“





**Magnús Pétursson, fyrrum alþjóðadómari og núverandi verslunarstjóri Jóa útherja, er einn ötulasti stuðningsmaður KR. Það verður seint sagt um hann að hann liggi á skoðunum sínum um liðið og fótboltann almennt. Við höfðum samband við hann þar sem hann var staddur í London ásamt eiginkonu sinni.**

Magnúsi list mjög vel á KR liðið þetta sumarið og telur þá eiga eftir að gera atlögu að titlinum. "KR-ingar eru með ansi góðan hóp í sumar. Þá list mér vel á Magnús Gylfason þjálfara, hann er mjög frískur og ég held að hafi mikinn talent í þetta starf. Ég hef fylgst með honum frá því hann var smá polli og hafði gaman að honum. Þá er hann frá Snæfellsnesinu, þaðan hefur hann fengið mikil áhrif af Snæfellsjökli. Hann er góður við strákana, segir þeim vel til verka og er harður og ákveðinn þjálfari."

Hann vonast til þess að þetta sumar verði sumar KR-inga, en þeir verði að átta sig á því að þó að á hólminn sé komið verði þeir að halda áfram að berjast. "Það má ekki gerast það sama og þegar Arsenal vann Everton um daginn eða árið 2003 þegar KR mætti FH í lokaumferðinni. Þá voru menn búnir að vanmeta andstæðinginn og héldu að styrkleiki þeirra væri það mikill að það væri bara nóg að mæta í leikinn til þess að ná góðum úrslitum. Menn mega ekki gefa eftir þó menn séu komnir með hlutina í hendurnar."

**Þrjú lið um titilinn, rest í fallbaráttu**

Í sumar telur Magnús að þrjú lið

komi til með að berjast um titilinn. "Ég tel að FH og Keflavík eigi eftir að berjast um toppsætið ásamt KR-ingum. Þetta eru allt lið með góða leikmannahópa sem eiga að geta unnið hvern sem er. Menn mega ekki vanmeta Keflavík, þeir hafa góðan hóp og verða þarna í toppbaráttunni. Öll hin liðin gætu lent í fallbaráttu." Hann sagðist þó vonast til þess að Þróttarar haldist uppi í sumar, enda er hann einn af stofnendum félagsins og mikill stuðningsmaður þeirra fyrir vikið. "Þeir eiga alla möguleika á því að haldast uppi en verða þó að berjast fyrir því."

### Tímabært að fjölga liðum

Eins og mörgum öðrum finnst Magnúsi tímabilið liða allt of fljótt og telur hann löngu tímabært að fjölga liðunum í efstu deild upp í tólf. "Það á að vera búið að fjölga liðunum í deildinni í tólf fyrir löngu síðan. Það er vel hægt alveg sama hvað KSÍ segir. Það væri þá hægt að byrja einni til tveim vikum

fyrir, spila á gervigrasi og spila

svo þétt eftir það. Þetta er bara svo allt of stuttur tími,

leikmenn þurfa að spila fleiri leiki." Þá nefndi hann það að fjöldi útlandinga væri orðinn full mikill í efstu deildinni. "Ég hef alls ekkert á móti útlandingum. En þegar þeir eru orðnir svona margir er þetta farið að drepa niður vonir strákanna sem eru að spila í 2. flokki. Þegar þetta eru orðnir 5-6 erlendir leikmenn í liði er þetta eins og Manchester Utd. íslenska boltans."

### Eigum góða dómara

Magnús telur Íslendinga alls ekki á flæðiskeri stadda með dómara. "Við eigum marga mjög góða dómara hérna á Íslandi. Það er mjög mikilvægt mál." Enda er nauðsynlegt að hafa góða dómara til þess að taka mikilvægar ákvarðanir. "Eins og hjá Liverpool og Chelsea um daginn, ég er auðvitað Liverpool maður, en það var hárrétt ákvörðun hjá dómaranum að boltinn var inni. Þetta var svipað og í HM 1966 í leik Englands og Þýskalands en þá var boltinn ekki inni."

Að lokum vonaðist Magnús til þess að sjá sem flesta á vellinum, sérstaklega merktu treyju nr. 12 sem er til sölu í Jóa Útherja. Þar er alltaf vel tekið á móti manni og þjónustan frábær í þessari skemmtilegu fótballtölvöruverslun.

# Eigum góða dómara

**Magnús Pétursson**

# Kvenspæjarastofan slær í gegn!



Bækur Alexanders McCall Smith um kvenspæjarann Precious Ramotswe og líf hennar í Botsvana hafa farið sigurför um heiminn á undanförunum árum. Þetta eru líka einstakar sögur sem hafa að geyma sjaldgæfa blöndu af spennu, gamansemi og mannúð.

„Kvenspæjarastofan er bæði spennandi og skrifuð af djúpri einlægni og visku... kjörin bók til að taka með sér í sumarfríð og er þýdd af mikilli hind. Ef ég væri með hattinn tæki ég hann ofan.“

*Gunnar Gunnarsson, Rás1*



„Fágæt lestrarnautn.“

*Daily Telegraph*



„Ég varð heillaður af persónu Precious Ramotswe og hinum lúmska húmor Alexanders McCall Smith.“

*Anthony Minghella, leikstjóri Enska sjúklingsins*



Mál og menning  
edda.is



Við styðjum íslenska  
knattspyrnu með stolti



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna